



FRÆKORNID

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

BLÆÖSP

INNGANGUR

Blæösp (*Populus tremula* L.) er innlend trjátegund á Íslandi og fannst hún fyrst árið 1904 við Garð í Fnjóskadal. Síðan hefur hún fundist á fleiri stöðum um norð-austanvert landið. Einnig hefur verið flutt inn blæösp til ræktunar en trjátegundin vex víða í Evrasíu. Mest hefur verið flutt inn af blæösp frá Norðurlöndunum.

Blæösp er meðalstórt tré sem nær mest um 30 metra hæð, en hefur náð um 13 metra hæð hér á landi. Við góð skilyrði má gera ráð fyrir að hún geti náð 150-200 ára aldri en lifi skemur við erfiðari skilyrði.

Blæöspin hefur reynst harðger en vex best í frjósömum jarðvegi og skjóli. Hún hefur reynst vel í ræktun um stóran hluta landsins og hefur verið að mestu laus við óþrif. Blæösp er ein fjölmargra trjátegunda sem hér vaxa sem mætti nota miklu meira en gert er.





INNLEND TRJÁTEGUND

Viltt blæosp hefur fundist á sex stöðum á landinu. Hún fannst fyrst við Garð í Fnjóskadal en síðar við Gestsstaði í Fáskrúðsfirði, Jórvík í Breiðdal, Egilsstaði, Strönd í Stöðvarfirði og nú síðast árið 1993 á Höfða að Völlum á Héraði. Því myndar blæosp ásamt birki og reyniviði þann hóp trjáa sem teljast innlendar trjátegundir. Samkvæmt DNA rannsóknum virðist vera eitt klón á hverjum vaxtarstað hennar. Það er enn óleyst gáta hvort blæosp hafi vaxið hér í langan tíma eða hvort hún sé tiltölulega ung trjátegund hér á landi.




BLÆR Í LAUFI

Blöð blæspar titra við minnsta andblæ og berst þá lágvær kliður frá trjánum sem er eitt einkenni tegundarinnar. Á haustin fær blæöspin afar fallega gula haustliti.

SÚLUBLÆÖSP

Í ræktun er athyglisvert yrki blæspar, súlublæösp (*Populus tremula* 'Erecta'). Hefur hún sérstakt súluformað vaxtarlag sem gerir hana áhugaverðan valkost, ekki síst í garða og sumarhúsalönd. Súlublæöspin er upprunnin í Svíþjóð. Hér hefur hún reynst vel í ræktun bæði norðan- og sunnanlands.



FJÖLGUN


Blæösp er ein tegunda víðiættarinnar sem ekki er hægt að fjölga með græðlingum. Henni er hægt að fjölga með rôtargræðlingum og var fjallað um þá aðferð í Frækorninu númer 19. Hún breiðist út með rötarskotum og er auðvelt að stinga þau upp og færa, til að fjölga henni.

Blæösp er aðallega fjölgað með fræi. Hér á landi er hins vegar aðeins ein staðfest blómgun á blæösp og því hefur ekki fræ fengist innanlands. Blæösp má einnig vefjarækta og hefur það verið stundað nokkuð hér á landi, en það kallar á sérhæfða aðstöðu.



VIÐUR BLÆASPARINNAR

Blæösp er mikið nytjatré. Viður blæspar er ljós, eðlisléttur og lyktaflaus. Hann er nýttur á ýmsan hátt og er líklega þekktust nýting hans í eldspýtur. Einnig er hann notaður í ýmiskonar umbúðir, til dæmis létta ávaxtakassa. Á Norðurlöndunum er mikil eftirspurn eftir viði blæspar í pappírsgerð.



FJÓLBREYTT NOTKUN

Blæðsp er trjátegund sem má nota á fjölbreyttan hátt. Hún hentar vel í sumarhúsalóðir og útivistarskóga. Þar eru fallegir haustlitir og blær í laufi ákjósanlegir eiginleikar. Einnig er hún áhugaverður kostur í uppgræðslu, þar sem til dæmis mætti gróðursetja hana í eldri lúpínubreiður. Blæðsp hentar einnig vel sem garðtré og má þar jafnframt benda á súlublæðspina sem áhugaverðan kost.

Rétt er þó að benda á að blæðsp getur skotið mörgum rótarskotum, sem getur þurft að halda í skefjum.



ISSN 1605-5020



Nesprýði

VESTURBRAUT 10A - 230 REYKJANESBÆR - Sími 421 6269

SUDURLANDSSKÓGAR



VISA

Garðyrkja ehf

Helluhrauni 4 - 220 Hafnarfjörður

spron

– fyrir allt sem þú ert

Höfundur: Jón Geir Pétursson. Teikningar: Aðalsteinn Sv. Sigfússon. Prentvinnsla: Víðey ehf.
Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands. Skúlatúni 6, 105 Reykjavík. www.skog.is